



Fundargerð

444. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
fimmtudaginn 12. des. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson (II), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir(ÁÝS) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá „*Vatnsaflsvirkun Garpsdal - umsögn*“, „*fundargerð forstöðufólks*“, „*bréf frá Karli Kristjánssyni*“, „*fundargerð stjórnar Barmahlíðar frá 25. nóvember*“ og „*almannaöryggi*“ undir önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd frá 5. desember 2019:

Sveitarstjóri fór yfir fundargerðina.

Vegna 2. liðar samþykkir sveitarstjórn liðinn. Árný vék af fundi undir þessu lið.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Mennta- og menningarmálanefndar frá 5. desember 2019:

Formaður nefndarinnar ÁHH fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn samþykkir 2. lið; viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilssveitarfélags.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 27. nóvember 2019:

JÖE fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Stjórn Barmahlíðar frá 25. nóvember 2019:

EDBJ fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Mál til afgreiðslu.

5. Rekstur tjaldsvæðis - tilboð.

Sveitarstjóri lagði fram tvö tilboð sem bárust. Hæsta tilboð kom frá Jóni Kjartanssyni upp á 355.500 kr. á ári. Landamerki bauð 100.000 kr. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við hæstbjóðanda.

6. Tryggingar - tilboð:

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti tilboð sem bárust vegna útboðs á tryggingum sveitarfélagsins sem unnið var af Cansello. VÍS reyndist með lægst tilboðið eða upp á 3.054.052 kr. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði VÍS.

7. Endurskoðun aðalskipulags:

Lögð fram verk- og kostnaðaráætlun fyrir endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps frá Alta.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina.

8. Minnismarki um Gretti:

Lagt fram erindi Guðjóns D. Gunnarssonar varðandi gerð minnismarkis um dvöl Grettis Ásmundssonar á Reykhólum.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

9. Stjórnarkjör í Reykhóla hses:

Lagðar fram samþykktir fyrir Reykhóla hses. og þær samþykktar.

Sveitarstjórn kýs stjórn Reykhóla hses. í samræmi við ákvæði til bráðbirga.

Lagt er til að stjórnina skipi Tryggvi Harðarson, Embla Dögg B. Jóhannsdóttir og Árný Huld Haraldsdóttir en Ágústa Ýr Sveinsdóttir til vara.

II vék af fundi undir þessum lið. Varaformaður tók við stjórn fundarins á meðan.

Samþykkt samhljóða.

10. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019:

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2019.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina.

11. Gjaldskrár 2019:

Lagðar fram eftirfarandi tillögur um álögur og gjaldskrár Reykhólahrepps fyrir árið 2020:

Útsvar:

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2020 er 14,52%.

Fasteignaskattur:

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Fráveitugjald 0,20%

Vatnsgjald 0,50%

Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum)

Sorpeyðingargjald skv. gjaldskrá er innheimt jafnframt fasteignagjöldum og lóðarleigu.

Gjalddagar fasteignagjalda eru fimm:

10. febrúar 2019

10. apríl 2019

10. júní 2019

10. ágúst 2019

10. október 2019

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sé álagningin 15.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. apríl 2019.

Sé álagningin 15.001 til 25.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. febrúar og 10. apríl 2019.

Annars eru gjalddagarnir fimm.

Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega:

Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Reykhólahreppi njóta 100% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir kr. 4.000.000,- hjá einstaklingi og kr. 5.700.000,- hjá hjónum. Afsláttur er aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldanda og þarf hann að hafa lögheimili í íbúðinni. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn.

Samþykkt samhljóða.

Þá voru teknar fyrir tillögur að eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs:
- b) Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Reykhólahrepps:
- c) Gjaldskrá fyrir fráveitu Reykhólahrepps:
- d) Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds:

- e) Gjaldskrá fyrir Grettislaug:
- f) Gjaldskrá fyrir leikskóladeild Reykhólaskóla:
- g) Gjaldskrá tónlistadeildar Reykhólaskóla.
- h) Gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn:
- i) Gjaldskrá fyrir Flateyjarhöfn:
- j) Gjaldskrá útleiga á félagsmiðstöð:
- k) Gjaldskrá og reglur ljósleiðara Fjarskiptafélags Reykhólahrepps

Sveitarstjórn samþykkir framangreindar gjaldskrá með áorðnum breytingum.

Breytingum á öðrum gjaldskráum frestað á milli funda. Sveitarstjóra og formanni Mennta og menningamálnefndar falið að koma með tillögur að þeim fyrir næsta fund.

12. Fjögurra ára fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2020 - 2023:

Lögð fram tillaga að fjögurra ára fjárhagsáætlun fyrir Reykhólahrepp.

Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

13. Vestfjarðastofa fundargerð 21. fundar:

Lögð fram.

14. Þinggerð 4. haustþings FV 2019:

Lögð fram.

15. Fundargerð forstöðumannafundar 28. nóvember 2019:

Lögð fram.

Önnur mál:

16. Almannaöryggi:

Sveitarstjórn Reykhólahrepps lítur atburði síðustu sólarhringa alvarlegum augum. Ljóst er að helstu opinberu innviðir ríkisins brugðust. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar sem stóðu vaktina nótt sem dag hafa unnið þrekkvirki á undanförunum sólarhringum með almannahagsmuni að leiðarljósi. Það er óásættanlegt að grunnstofnanir eins og Orkubú Vestfjarða, Landsnet og fjarskiptafyrirtæki hafi ekki verið betur undirbúin en þetta þrátt fyrir aftaka veðurspá. Ekki var nægilegt eldsneyti á staðnum til að keyra varaafllsvélar. Nýja rafstöðin virkar ekki og sú gamla bilaði þegar á reyndi. Raforkukerfið og rofar voru í ólagi. Varaafl í GSM mastri dugaði ekki í nema örfáar klukkustundir. Einnig er óásættanlegt að tengivirkið í Hrútatungu hafi verið ómannað og að TETRA-kerfið hafi dottið út um tíma.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að skipa starfshóp um endurskoðun á reglum um viðbúnað sveitarfélagsins vegna hættuástands. Starfshópin skipi allir núverandi nefndarmenn og varamenn brunamála og almannverndarnefndar ásamt sveitarstjóra. Starfshópnum er ætlað að fara yfir og endurskoða viðbragðsáætlun

sveitarfélagsins vegna hvers kyns hættuástands sem getur skapast. Með starfshópnum starfa allir forstöðumenn sveitarfélagsins ásamt því að hann hefur heimild til að kalla til aðra starfsmenn. Þá skal starfshópurinn hafa samráð við aðra viðbragðsaðila s.s björgunarsveit, lögreglu, Orkubúið, Landsnet, fjarskiptafélög og Vegagerð ásamt öðrum þeim er málið varðar. Nefndin skili af sér til sveitarstjórnar eigi síðar en 25.mars 2020.

17. Vatnsaflsvirkjun Garpsdal - umsögn:

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar varðandi umsögn um vatnsaflsvirkjun í Garpsdal. Skipulagsstjóra falið að svara bréfinu.

18. Bréf frá Karli Kristjánssyni:

Lagt fram bréf frá Karli Kristjánssyni varðandi Breiðafjarðarnefnd. Oddvita falið að svara bréfitara.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
